



**Lokaritgerð til M.A.-gráðu í  
blaða- og fréttamennsku**

**Hefði ný stjórnarskrá getað komið  
í veg fyrir hrunið á Íslandi 2008?**

Landnámið, stjórnarfarið, stjórnarskráin og hrunið

Pétur Fjeldsted Einarsson

**Júní 2020**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
STJÓRNMÁLAFRÆÐIDEILD

**Hefði ný stjórnarskrá getað komið  
í veg fyrir hrunið á Íslandi 2008?**

*Landnámið, stjórnarfarir, stjórnarskráin og hrunið*

Pétur Fjeldsted Einarsson

Lokaritgerð til M.A.-gráðu í blaða- og fréttamennsku

Leiðbeinandi: Friðrik Þór Guðmundsson

Stjórnmálafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2020

Hefði ný stjórnarskrá getað komið í veg fyrir hrunið á Íslandi 2008?

Ritgerð þessi er lokaverkefni til M.A.-gráðu í blaða- og fréttamennsku.  
Óheimilt er að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Pétur Fjeldsted Einarsson 2020  
kt. 180668-5009

Reykjavík, Ísland, 2020



## Útdráttur

Lokaverkefni til 30 eininga M.A.-prófs í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands. Lokaverkefnið er sjónvarpsþáttur og greinargerð um vinnslu sjónvarpsþáttarins og fjölmiðlaumhverfi í tengslum við gerð heimildarþátta. Sjónvarpsþátturinn er í tveimur hlutum þar sem spurt er hvort ný stjórnarskrá hefði getað komið í veg fyrir hrunið á Íslandi 2008. Í fyrri hlutanum lýsir þulur stjórnarfrá landnámi og dæmi eru tekin af pólitískum aðgerðum stjórnvalda og umsvifum íslensku bankanna á húsnæðismarkaði í aðdraganda hrunsins. Í síðari hlutanum svara viðmælendur spurningum um hlutverk stjórnarskrár og þá hvort og hvernig ný stjórnarskrá hefði getað komið í veg fyrir hrunið.

Í þessu verkefni styðst ég við upptökur mínar árin 2009-2014 af mótmælum á Austurvelli, Borgarafundum og öðrum viðburðum, sem tengdust hrininu. Þátturinn lýsir aðdraganda hrunsins og miðlar álitum fólks, sem var áberandi í umræðunni í kjölfar hrunsins. Fyrir þetta verkefni hafði ég kynnt mér innihald stjórnarskrár Íslands og tillögur stjórnlagaráðs að frumvarpi til nýrra stjórnskipunarlaganna.

Skoðanir viðmælenda voru skiptar um það hvort ný stjórnarskrá hefði getað komið í veg fyrir hrunið en flestir voru á þeirri skoðun að svo væri ekki. Hins vegar kom fram að annars konar stjórnarskrá en sú íslenska hefði mögulega getað dregið úr afleiðingum hrunsins.

## **Abstract**

My final project for 30 units M.A. examination in Journalism and Mass Communication from the University of Iceland is one TV programme and a report about the making of the TV programme and documentary journalism. The TV programme is a two-part report, asking if a new constitution could have prevented the financial crash in Iceland in 2008. In part one, a narrator describes the political landscape from the settlement in 874. In the second part views of interviewees are presented, focusing on the role of a constitution in a financial turmoil. In this project I refer to my recordings from 2009-2014 of protests, citizen meetings and other events related to the crash.

Before this project I got familiar with the constitution of Iceland and the proposals for a new constitution that the Icelandic Constitutional Council proposed in 2011. This programme explores the role of a constitution in general as a precautionary tool in a financial turmoil.

Interviewees opinions were divided, whether a new constitution could have prevented the financial crash in Iceland in 2008. Most said that it could not have prevented the financial crash. Some said that a different constitution would possibly have minimized the crash's consequences.

## **Formáli**

Sjónvarpsþáttur um hlutverk stjórnarskrár er lokaverkefni mitt til M.A.-gráðu í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands. Vægi verkefnisins er 30 ECTS einingar. Leiðbeinandi verkefnisins var Friðrik Þór Guðmundsson kennari í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands.

Ég vil þakka Friðriki sérstaklega fyrir góða leiðsögn, vinsamleg samskipti og þolinmæði við vinnslu þessa verkefnis. Einnig þakka ég viðmælendum mínum fyrir þeirra ágæta framlag og þeim fjölmörgu sem lagt hafa hönd á plóginn í umræðunni frá hrúni um samfélagslegt mikilvægi stjórnarskrár með aðkomu almennings. Að lokum þakka ég fjölskyldu, vinum og skólasystkinum stuðninginn.

# Efnisyfirlit

<b>Útdráttur</b> .....	<b>3</b>
<b>Abstract</b> .....	<b>4</b>
<b>Formáli</b> .....	<b>5</b>
<b>Myndaskrá</b> .....	<b>8</b>
<b>1 Inngangur</b> .....	<b>9</b>
1.1 Forsendur .....	9
1.2 Hvers vegna þetta viðfangsefni?.....	10
1.3 Tengsl mín við viðfangsefnið .....	10
1.4 Miðillinn .....	11
<b>2 Fjölmiðlar</b> .....	<b>12</b>
2.1 Starfsframi í fjölmiðlum .....	12
2.2 Nálgun við vinnslu heimildarþátta.....	14
2.3 Eignarhald á fjölmiðlun, ritsjórnr og ritskoðun.....	16
2.4 Tegundir heimildarþátta.....	17
2.5 Vinnsluaðferðir við gerð heimildarþátta.....	20
<b>3 Vinnuferlið</b> .....	<b>21</b>
3.1 Heimildir .....	21
3.2 Viðmælendur .....	22
3.3 Dr. Hannes Hólmsteinn Gissurarson .....	22
3.4 Hörður Torfason .....	22
3.5 Maria Elvira Mendez Pinedo .....	22
3.6 Lawrence Lessig .....	23
3.7 James Fishkin.....	23
3.8 Ljósmyndir.....	23
3.9 Umfjöllun blaða .....	23
3.10Grafík .....	24
3.11Tónlist .....	24
3.12Samsetning.....	24
3.13Álitamál .....	24
3.14Hindranir .....	25
<b>4 Umræður og lokaorð</b> .....	<b>26</b>
4.1 Niðurstaðan .....	26
4.2 Takmarkanir verksins .....	26
<b>5 Heimildaskrá</b> .....	<b>28</b>



<b>6 Viðaukar .....</b>	<b>30</b>
6.1 Viðauki 1 – Handrit og samsetning tímaskráning .....	30
6.2 Viðauki 2 – Handrit og þýðing vinnuskjal.....	34
6.3 Viðauki 3 – Greinargerð tímaskráning .....	42
6.4 Viðauki 4 – Tónlist tímaskráning .....	43

## Myndaskrá

Mynd 1 - Áhugi á heimildarþáttum.....	13
---------------------------------------	----

## 1 Inngangur

Í þessari greinargerð verður lokaverkefni mínu í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands lýst, auk þess sem skýrt verður frá tilgangi þess, gerð og vinnuferli. Verkefnið er sjónvarpsþáttur, þar sem spurt er hvort ný stjórnarskrá hefði getað komið í veg fyrir hrunið á Íslandi árið 2008. Tilgangur þáttarins var að varpa ljósi á hlutverk stjórnarskrár í pólitísku og efnahagslegu samhengi og hvort hún gæti virkað sem öryggisventill þegar efnahagsleg ógn steðjar að Íslandi, enda var krafan um nýja stjórnarskrá á Íslandi hávær í kjölfar hrunsins 2008. Í greinargerðinni er fræðilegum hlut þáttarins lýst. Samanburður er gerður á sams konar þáttum, þar sem ljósi er varpað á umdeild og jafnvel hulin mál, sem engu að síður geta verið mikilvæg í samfélagslegu samhengi þótt annað kunní að virðast í fyrstu. Þá er fjallað um hversu mikilvægt er að fagleg vinnubrögð í fréttamennsku liggi þar til grundvallar og mikilvægi þess að nýta þann miðil, sem hentar best hverju sinni, til þess að koma efninu á framfæri.

Lokaverkefnið er sjónvarpsþátturinn í tveimur hlutum, samtals 37 mínútur að lengd. Í fyrri hlutanum leiðir þulur áhorfandann í gegnum stjórnarfar frá landnámi að hruni 2008 og tekur dæmi af efnahagsstjórn og starfsemi íslensku bankanna í aðdraganda hrunsins. Í síðari hlutanum svara nokkrir viðmælendur spurningum um hlutverk stjórnarskrár í tengslum við hrunið.

### 1.1 Forsendur

Í kjölfar hrunsins á Íslandi 2008 krafðist almenningur úrbóta á ýmsum sviðum samfélagsins. Fjöldmenn mótmæli á Austurvelli og víðar leiddu til afsagnar ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar í janúar 2009 og Davíð Oddsson og Eiríkur Guðnason létu af störfum sem bankastjórar Seðlabanka Íslands mánuði síðar. Krafa um nýja stjórnarskrá var einnig hávær. Í júní 2010 samþykkti Alþingi lög um stjórnlagabing, sem ætlað var að fjalla um breytingar á stjórnarskrá Íslands. Í nóvember sama ár var kosið á milli 523 frambjóðenda til stjórnlagabings á landsvísi en Hæstiréttur Íslands ógilti þá kosningu í janúar 2011. Tveimur mánuðum síðar skipaði Alþingi 25 manna stjórnlagaráð, sem samanstóð af þeim fulltrúum sem náðu kjöri í kosningum til stjórnlagabings, utan eins, sem þáði ekki sæti. Því kom sá, sem var númer 26 á lista stjórnlagabings, í hans stað í stjórnlagaráði. Stjórnlagaráð hóf störf formlega þann 6. apríl 2011 og tæplega fjórum mánuðum síðar, eða þann 29. júlí, afhenti stjórnlagaráð forseta Alþingis, Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, frumvarp til stjórnskipunarlag, sem oft er talað um sem tillögu stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá Íslands. Krafan um nýja stjórnarskrá í kjölfar hrunsins gaf mér tilefni til þess að ætla að einhverjum hafi þótt ástæða til þess að halda, að annars konar stjórnarskrá hefði mögulega getað haft áhrif til hins betra á framvindu mála á

Íslandi í aðdraganda hrunsins. Það lá því beinast við að kanna hvort ný stjórnarskrá hefði getað komið í veg fyrir hrunið.

## **1.2 Hvers vegna þetta viðfangsefni?**

Stjórnarskrá segir til um stjórnskipan og hlutverk valdhafa; forseta Íslands, löggjafar-, framkvæmdar- og dómsvalds. Efnahagsstjórn er stór þáttur í mótun samfélags. Framkvæmdarvaldið ber mikla ábyrgð á þeim þætti, að mínu mati. Löggjafinn ætti að hafa það hlutverk að setja lög sem verja þjóðina en gera ekki berskjaldaða fyrir efnahagslegum ógnum. Forseti Íslands ætti að vera sá varnagli sem stjórnarskrá Íslands heimilar honum, með vísan til 26. greinar hennar. Þrátt fyrir þá stjórnskipan, sem við búum við á Íslandi og stjórnarskrá Íslands, tókst ekki að koma í veg fyrir hrunið. Þar með komst þjóðin í erfiða stöðu. Að mínu mati er því mikilvægt að augin umræða um hlutverk stjórnarskrár fari fram í samfélaginu.

## **1.3 Tengsl mín við viðfangsefnið**

Í kjölfar hrunsins ákvað ég að kvikmynda fundi og aðra viðburði, sem tengdust hrununu og miðla á sjónvarpsvef, sem ég hélt úti frá 2009 – 2014. Mótmæli á Austurvelli, borgarafundir, upplýsingafundir og viðtöl eru dæmi um þá viðburði sem ég gerði skil á þessum árum. Eitt af því sem ég fylgdist með var starf stjórnlagaráðs og þá sérstaklega eftir að ráðið skilaði tillögu sinni að nýrri stjórnarskrá í Iðnó, þann 29. júlí 2011. Sem dæmi héldu nokkrir meðlimir stjórnlagaráðs fjóra kynningarfundir um tillögur stjórnlagaráðsins, sem Borgarbókasafnið stóð fyrir haustið 2011, sem ég tók upp og miðlaði á vef mínum. Auk þess tók ég upp viðtöl og upplestur Arnars Jónssonar leikara á tillögum stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá. Samantekt á þessu efni gaf ég síðar út á hljóðbók, samtals um 11 klst. Mér var einnig boðið að taka þátt í starfi SANS hópsins svokallaða, samtök um nýja stjórnarskrá, þar sem ég lagði áherslu á kynningarmál í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslunnar um tillögur stjórnlagaráðs til stjórnskipunarlag, sem haldin var þann 20. október 2012. Með framtaki mínu og aðkomu að starfi SANS hópsins vildi ég leggja mitt af mörkum til þess að almenningi gæfist betur kostur á því að taka upplýsta ákvörðun varðandi tillögu stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá.

## **Markmiðið með viðfangsefninu**

Markmiðið er að fjalla um stjórnarskrá sem öryggisventil í efnahagslegu tilliti og velja því upp hvort það sé eða ætti að vera hlutverk stjórnarskrár að vera öryggisventill í því samhengi. Í stjórnarskrá Íslands er ekki að finna kafla um efnahagsmál, hlutverk og ábyrgð banka eða skorður við starfsemi viðskiptalífs. Færa má rök fyrir því að greinar um fjármál eigi betur heima

í almennum lögum en jafnframt má benda á að skorður við athöfnum, sem gætu varðað þjóðaröryggi, eins og ábyrgð vegna starfsemi íslenskra fjármálastofnanna erlendis eða heimild Seðlabanka Íslands til ráðstöfunar á gjaldeyrisforða Seðlabankans, gætu átt heima í stjórnarskrá, enda er hún samfélagssáttmáli og óháð flokkapólitík og áherslum stjórnámálanna eða ákvörðunum seðlabankastjóra hverju sinni.

#### **1.4 Miðillinn**

Sjónvarpsþáttur varð fyrir valinu þar sem þulur leiðir áhorfendur í gegnum sögusvið í fyrri hluta þáttarins og persónuleg frásögn viðmælenda lýsir viðhorfi þeirra til stjórnarskrár í tengslum við hrúnið í þeim síðari. Myndskeið frá árunum eftir hrún og annað myndefni, ásamt grafík, styður við frásögnina og með tónlist er hægt að gefa áherslum hverju sinni ákveðna áferð. Sjónvarpsþættinum er helst ætlað að höfða til Íslendinga en gæti sömuleiðis átt erindi erlendis, þar sem starf stjórnlagaráðs og málefni nýrrar stjórnarskrá hefur vakið athygli.

## 2 Fjölmiðlar

### Hlutverk fjölmiðla

Í 73. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Allir eru frjálssir skoðana sinna og sannfæringar. Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða“ (Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, 2020). Stjórnarskráin stendur vörð um tjáningarfrelsið og fjölmiðlar hafa kost á því að veita valdhöfum aðhald, stundum kallað fjórða valdið, sem vísar til þess að í stjórnarskránni er löggjafar-, dóms-, og framkvæmdarvald ríkisins aðskilið (Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, 2020). Mislíki þegnunum athafnir valdhafa, eiga þeir kost á að koma þeirri skoðun á framfæri við almenning á sama hátt og blaðamenn, gefist þeim tækifæri til þess, með greinarskrifum í blöðum og viðtölum í prentmiðlum, útvarpi, sjónvarpi o.s.frv. Hlutverk fjölmiðla er því mikilvægt í þessu samhengi.


Ábyrgð blaðamanna er einnig mikil og mikilvægt að þeir viðhafi vönduð vinnubrögð. Í því sambandi hefur Blaðamannafélag Íslands (BÍ) sett sér siðareglur. Um siðareglur BÍ segir á vef félagsins: „Í starfi sínu hafa blaðamenn allra fjölmiðla jafnan í huga grundvallarreglur manlegra samskipta og rétt almennings til upplýsinga, tjáningarfrelsis og gagnrýni.“ Í 3. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands kemur fram að blaðamaður skuli „vanda upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er“ og í 5. gr. segir að blaðamaður skuli fyrst og síðast gæta hagsmuna lesenda (Blaðamannafélag Íslands, 1991). Réttar upplýsingar og ýmis sjónarmið í því sambandi, þar sem við á, vönduð framsetning og réttur almennings til þess að tjá skoðun sína, má því segja að séu grunnurinn að því sem ábyrg blaðamennska byggir á. Að auki er tekið fram í 5. gr. að blaðamaður gæti þess „að rugla ekki saman ritstjórnarlegu efni, sem hefur augljóst upplýsinga- og fræðslugildi, og auglýsingum í myndum og máli.“ Neytandinn þarf hafa vissu fyrir því að efni fjölmiðla, sem sett er fram á þann hátt, sé ekki litað hagsmunum í auglýsingaskyni.

### 2.1 Starfsframi í fjölmiðlum

Starf á vettvangi fjölmiðla þykir síður öruggt en aðrar starfsgreinar enda víða hindranir á veginum. Samkeppnin er mikil og fáir komast á toppinn. Rannsókn, sem framkvæmd var af Work Foundation í Bretlandi fyrir bresku ríkisstjórnina árið 2007, bendir hins vegar til þess að hagræn áhrif skapandi greina séu jákvæð. Í rannsókninni var horft til greina eins og lista, hönnunar, kvikmynda- og tónlistariðnaðar, hugbúnaðar- og tölvuþjónustu, sjónvarps, útvarps og tölvuleikja. Markmiðið var að kanna hvað tengir þessar greinar saman og að hvaða leyti mætti aðgreina skapandi greinar frá öðrum greinum. Niðurstaðan var sú að í Bretlandi er hlutur

skapandi greina sá stærsti í löndum Evrópusambandsins og sem hlutfall af þjóðarframleiðslu sennilega sá stærsti í heimi. Það bendir því til þess að skapandi greinar hafi þar mótandi áhrif á samfélagsgerðina og sjálfsmynd þjóðarinnar, ásamt því að vera atvinnuskapandi (Mills, 2012, bls. 551-552).

Við skoðun með Google Trends kemur í ljós að áhugi fólks víða um heim á heimildarþáttum virðist jafn og mikill. Þannig má sjá að þegar þar er leitað eftir orðinu „Documentaries“ sýnir niðurstaðan að áhugi fólks á heimildarþáttum sé nokkuð vaxandi og mikil frá haustinu 2008, um það leyti sem hrun varð á fjármálamörkuðum víða um heim.



### Mynd 1 - Áhugi á heimildarþáttum

Undanfarin 10 ár virðist áhugi fólks á heimildarþáttum hafa aukist margfalt frá árinu 2004 og á Íslandi virðist áhugi fólks á heimildarmyndum vera einna mestur, ásamt Írlandi, í hlutfalli við önnur lönd (Google, e.d). Að því sögðu hefur aukin netvæðing, fjölgun notenda og aukið framboð af efni á efnisveitum á borð við YouTube, sitt að segja um þessa aukningu. YouTube var stofnað árið 2005 (Hosch, e.d) og hefur fjöldi netnotenda vaxið um rúmlega 400% frá þeim tíma, í rúmlega 4,5 milljarða notendur (Stats, e.d). Mögulega hefur áhugi fólks á heimildarþáttum til áratuga verið mikill og að aukin netnotkun og meira framboð á heimildarþáttum endurspeglir þann áhuga, eins og niðurstaðan með leitarvél Google gefur til

kynna. Sem dæmi hafa Óskarsverðlaun fyrir leiknar myndir verið veitt frá því 1929 og fyrir heimildarmyndir frá því 1942 (Science, e.d).

## 2.2 Nálgun við vinnslu heimildarþátta

Saga er frásögn þular, eða annarra, af atburði eða röð atburða, hönnuð til þess að vekja áhuga fólks, hvort sem um lesendur, hlustendur eða áhorfendur er að ræða. Að grunni til hefur saga upphaf, miðju og endi. Saga inniheldur sannfærandi viðfangsefni eða spurningar, spennu og átök, sem enda í einhvers konar uppgjöri. Hún höfðar til tilfinninga og rökhyggju neytandans og fær hann til þess að vilja komast að því hvað gerist næst (Bernard, 2015, bls. 38). Fjölmargar leiðir eru færar til þess að segja sögu, afla upplýsinga, lýsa viðfangsefni, taka viðtöl, greina gögn og vinna úr þeim og miðla. Þannig fræðir David Attenborough fólk um dýr o.fl. í sjónvarpsþáttum með þeim hætti að manni finnst hann vera að ræða við sig á léttum nótum um viðfangsefnið hverju sinni, í stað þess að þylja eingöngu upp staðreyndir um sama efni (BBC, e.d). Clive James nálgast umfjöllun í þáttum sínum á svipuðum nótum og náði að sýna viðfangsefnið og sig í alþýðlegu ljósi (Mancer, 2019). Niall Ferguson fer svipaða leið en leggur áherslu á fræðilega frásögn (Ferguson, 2020). Alla þessa aðila má sjá í þáttum sínum en fréttatengdir heimildarþættir, eins og Frontline, leggja áherslu á þul, sem sést ekki í mynd en leiðir áhorfendur í gegnum þáttinn, ásamt frásögnum viðmælenda, sem sjást í ákveðnum tilvikum. Myndefnið styður við frásögnina frekar en að vera aðaláhersla, nema þar sem við á (PBS, 2020).

Þær aðferðir til þess að afla upplýsinga, vinna úr þeim og koma á framfæri, byggja á mati hverju sinni. **Pema** (*e. colour piece*) nýtist til þess að lýsa umhverfi, atburði eða fólki sem hluta af frásögninni, þar sem upptalningu staðreynda er miðlað til neytenda, sem þá geta dregið eigin ályktun. **Ásjáandi** (*e. fly on the wall*) getur falist í því að fylgjast með í stað þess að spyrja spurninga, vera „flugá vegg“ í stað þess að setja sig í miðpunkt atburða á vettvangi og hafa þannig mögulega áhrif á atburðarásina. Þannig er atburði miðlað eins og hann kemur fyrir. Önnur leið gæti verið að túlka umhverfi **á bak við tjöldin** (*e. behind the scenes*), til dæmis þar sem lítið virðist verið að gerast en mikið að sjá. Hversdagsleikinn fyrir suma er sem hulin ráðgáta í augum annarra (Randall, 2007, bls. 256). **Dulargervi** (*e. in disguise*) getur einnig reynst vænlegt til árangurs í ákveðnum tilvikum (Randall, 2007, bls. 257). Þannig lék hinn þýski Günter Wallraff meðal annars Tyrkja í tvö ár, Ali Levent, sem þóttist vera farandverkamaður í Vestur-Þýskalandi. Síðar lýsti Wallraff aðbúnaði tyrkneskra verkamanna í Þýskalandi, sem helst mátti líkja við aðbúnað þræla (Dagblaðið Vísir, 1981).



**Mannlýsing** (*e. profile*) er aðferð sem notuð er til þess að lýsa persónuleika ákveðinnar manneskju en getur einnig átt við í tilviki staðar, samtaka, trúarbragða o.s.frv. Sú lýsing getur byggst á álit eins aðila eða margra. **Viðtöl** (*e. interview*) eru gagnleg til þess að fá upplýsingar eða álit frá fyrstu hendi. Þau geta verið skrifleg eða munnleg og er hægt að miðla sem endursögn, þar sem vísað er til helstu þátta, eða þar sem frásögn viðmælanda er látin halda sér. **Upptalning staðreynda** (*e. factboxes*) er leið til þess að benda á helstu þætti viðfangsefnis. Þá er hægt að setja fram sem staka og dagsetta atburði, sem tengjast viðfangsefninu og þjónar sem útdráttur á helstu þáttum viðfangsefnisins. **Tímaröð** (*e. chronology*) atburða getur verið gagnleg þegar rekja þarf upphaf og aðdraganda atburða að ákveðinni stund. Það getur sett atburði í ákveðið samhengi, sem auðvelt er að greina og tímasetja á fljótlegan hátt. Þetta hjálpar til við að sýna fram á röð atvika og lengd þar á milli. **Sögulegt samhengi** (*e. a history of...*) hentar vel þegar viðfangsefnið á sér langa sögu og er á skömmum tíma sett í kastljós líðandi stundar, þar sem helstu atriðum yfir langt tímabil eru gerð skil, frekar en að fjalla eingöngu um nýafstaðnar vendingar viðfangsefnisins. Í ákveðnum tilvikum getur það átt við að greina frá **texta í heild**, (*e. full texts*) til dæmis í þeim tilvikum þar sem vísað er í ræður, yfirlýsingar eða greinar, þar sem mikilvægt er að innihaldið skili sér í heild. **Skrifuð yfirlýsing** (*e. my testimony*) blaðamanns eða viðmælanda að viðtali loknu getur verið á persónulegri nótum en fagaður frágangur blaðamanns nær að koma til skila í grein. **Bakgrunnur** (*e. background*) atburða getur verið mikilvægur til þess að átta sig á samhengi hlutanna, til dæmis þegar byggingum eða persónu í sjónvarpsþætti er lýst. Þannig getur saga umhverfis og bakgrunnur arkitekts betur varpað ljósi á útlit eða virkni byggingar og bakgrunnur handritshöfundar getur sett atburðarás í sjónvarpsþætti í ákveðið samhengi. Sögusviðið getur legið skýrt fyrir þótt aðdragandinn að sögunni sé óljós. Við frekari skoðun getur **greining** (*e. analysis*) betur útskýrt rök fyrir atburðarás, þar sem gott er að fá sérfróða aðila til þess að gefa álit sitt á viðfangsefninu. **Viðbrögð** (*e. vox pops*) almennings við atburðum geta gefið fjölbreytt svör við spurningum blaðamanns, til dæmis þar sem nokkrir álitsgjafar eða fólk á förnun vegi er beðið að gefa álit sitt á viðfangsefninu. **Skoðanakönnun** (*e. opinion poll*) af viðurkenndum aðila á því sviði gefur marktækari niðurstöðu en sú, sem framkvæmd yrði af eigin starfslíði. Á sama hátt og hægt er að nota **umfjöllun** (*e. review*) til þess að miðla upplýsingum um bíómyndir, leikrit eða bíla, væri sem dæmi hægt að beita þeirri aðferð til þess að fjalla um þjónustu í heilsugeiranum, safn, sögulega byggingu eða almenningsgarð. Álit annarra, sem helst þekkja til á viðkomandi sviði og nýta þá þjónustu, er auk þess vel til fundið í umfjöllun um viðfangsefnið. **Ítarleg fréttaumfjöllun** (*e. extended reporting*) er á mörkum þess að vera frétt eða umfjöllun. Þær greinar geta verið frá 5.000 orðum og náð að kafa betur ofan í málefni en mögulegt er með

stuttri frétt eða innskoti í útvarpi eða sjónvarpi. Greinar af því tagi geta til dæmis innihaldið ítarlegar lýsingar sjónarvotta og þolenda stríðsátaka. Í kjölfarið getur sú umfjöllun leitt af sér frekari umfjöllun fjölmiðla og verið grunnur að útgáfu bóka og gerð sjónvarpsþátta og bíómynda. „Black Hawk Down“ er dæmi um bíómynd sem byggir á greinarskrifum Mark Bowden í 29 hlutum fyrir Inquirer, sem tók viðtöl við Bandaríska hermenn og Sómalí um stríðsátökin í Mogadishu í Sómalíu, þar sem rúmlega 500 Sómalir og 18 bandarískir hermenn létu lífið (Randall, 2007, bls. 257).

### 2.3 Eignarhald á fjölmiðlum, ritsjón og ritskoðun

Sjálfstæði fréttamanna er mikilvægt til þess að afla og miðla réttum upplýsingum. Ritstjórnir hafa mikilvægu hlutverki að gegna í stefnumótun og áherslum fjölmiðla og vandaðri blaðamennsku en ritskoðun getur í ákveðnum tilvikum hindrað vandaða upplýsingaöflun og miðlun upplýsinga. Þótt fjölbreytt flóra og magn fjölmiðla og afþreyingar, hvort sem horft er til útgáfu blaða og tímarita, bíómynda, útvarps og sjónvarps, gefi til kynna að innihald þessara miðla hæfi áhugasviði allra, er flest af því efni afsprengi fárra stórfyrirtækja, sem stýra því sem borið er á borð neytenda. Þannig geta þau fyrirtæki mótað afstöðu almennings og haft áhrif á þjóðfélagsgerðina og hvernig við skiljum heiminn. Eignarhald og stjórnun fjölmiðlafyrirtækja má einnig skoða í tengslum við **stjórnsmálhagkerfið** (*e. political economy*) en það hugtak var fyrst notað af franska rithöfundinum Monchretien de Watteville 1615, þegar hann var ráðinn til þess að lýsa auðsöfnun ríkis og fjölskyldna (Williams, 2003, bls. 73).

Fyrstu dagblöðin voru í eigu einnar manneskju eða fjölskyldu. Oft starfaði eigandinn sem ritstjóri. Í upphafi var tiltölulega ódýrt að koma dagblaði á fót, en með aukinni iðnvæðingu um 1850 jókst kostnaðurinn, sem þýddi að færri fetuðu þá braut í kjölfarið og samþjöppun varð á blaðamarkaði, þar sem fjársterkir aðilar héldu um taumana. Þar til við upphaf tuttugustu aldar var ekki litið á eignarhald á fjölmiðlum og þjónustu þeirra sem mótsögn. Almennt var litið svo á að frelsi fjölmiðla væri skilgreint sem afskiptaleysi stjórnvalda. Því var það ekki litið hornauga að auðugir einstaklingar ættu fjölmiðla, sem flyttu fréttir af stjórnmálum. Það kom hins vegar að því skömmu síðar með breyttri þjóðfélagsgerð, frekari iðnvæðingu og ásýnd eignarhalds á fjölmiðlum. Gagnrýnisráddir spurðu hvort það færi saman að einkaaðilar, sem hefðu hagnað að leiðarljósi, ættu þjóðfélagslega ábyrgan fjölmiðil. Bandaríski rithöfundurinn Upton Sinclair komst svo að orði að fréttablöð hefðu fórnað hluta sannleikans á markaðstorgi, þar sem vonir hinnar hreinu meyjjar á mannkynið hefðu verið seldar ósæmilegum hórúsum stórfyrirtækja (Williams, 2003, bls. 74). Stanley Baldwin, forsætisráðherra Breta snemma á seinustu öld, lýsti

áhyggjum sínum af þeirri ógn við lýðræðið, sem hann taldi stafa af fjölmiðlamógúllum við Fleet Street, sem hann sagði beita valdi án ábyrgðar (Williams, 2003, bls. 74).

Frelsi fjölmiðla er mismunandi á milli landa. Það eru ekki eingöngu einkaaðilar sem eru fyrirferðamestir á fjölmiðlamarkaði og hafa þannig mikil áhrif á almenningsálitið og samfélagsgerðina. Á Íslandi heldur ríkið úti sjónvarps- og útvarpsstöðvum, RÚV, sem fá rúmlega 4,6 milljarða fjárframlag frá ríkinu, samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2020 (Íslands, 2019-2020). Auk þess hefur RÚV um tvo milljarða króna í tekjur af auglýsingum á ári (Sigríður Hagalín Björnsdóttir, 2019). Íbúar á Íslandi voru 364.134 þann 1. janúar 2020 samkvæmt tölum Hagstofu Íslands þann 1. janúar 2020 og eru tekjur RÚV því samtals um 18.000 krónur á hvern íbúa á Íslandi á ári. Til samanburðar námu heildartekjur helsta samkeppnisaðilans í einkaeigu, Sýn, um 19,8 milljörðum árið 2019. Það fyrirtæki rekur Stöð 2, Bylgjuna, Vísi, FM957, X977 og Vodafone. Af þeirri upphæð var fjölmiðlahluti fyrirtækisins með um 8,3 milljarða í tekjur á sama tímabili, (Sýn hf, 2019, bls. 19) sem eru um 22.800 krónur á hvern íbúa á Íslandi á ári. Á þessum tölum sést að RÚV hefur ekki yfirburði hvað tekjuflæði varðar og er í mikilli samkeppni við einkarekna fjölmiðla á Íslandi um athygli neytenda, eins og fjöldi annarra fjölmiðla á Íslandi, til dæmis sjónvarpsstöðvarnar Hringbraut, N4 og Sjónvarp Símanns, vefmiðillinn Kjarninn og fréttablöðin Stundin, Fréttablaðið, DV og Morgunblaðið, sem einnig rekur vefmiðilinn mbl.is, útvarpsstöðina K100 og netsjónvarp.

Fjölmiðlafrelsi er gott á Íslandi, samkvæmt úttekt alþjóðlegu samtakanna Blaðamenn án landamæra, þar sem Ísland er nú í 15. sæti af þeim 179 þjóðum, sem á listanum eru. Noregur, Finnland, Danmörk og Svíþjóð raða sér þar í fyrstu fjögur sætin (RSF, 2020). Kína situr í sæti 177 og í umsögn á vefsíðu samtakanna segir að Kínverski Kommúnistaflokkurinn hafi stjórn á öllum fjölmiðlum landsins, bæði ríkis- og einkareknu (RSF 1, 2020). Eignarhald á fjölmiðlum segir því ekki alla söguna ef eignarhaldið er einungis formsatriði og gerir ritstjórnir einkarekinna fjölmiðla háða ritskoðun ríkisvaldsins.

## 2.4 Tegundir heimildarþátta

Í bók sinni, *Introduction to Documentary*, listar Bill Nichols sex tegundir heimildarmyndar. Þær eru **ljóðræn** (*e. poetic*), **lýsandi** (*e. expository*), **þátttaka** (*e. participatory*), **skoðun** (*e. observational*), **gagnvirk** (*e. reflexive*) og **tjáning** (*e. performative*), sem hann segir að rammi lauslega inn þær skilgreiningar sem mögulega er unnið eftir og lýsa þeirri áherslu sem áhorfendur mega vænta í hverri mynd (Nichols, 2001).

Með **ljóðrænni aðferð** þarf hin myndræna frásögn ekki endilega að vera línuleg, heldur meira í ætt við sýningu á fjölbreyttum verkum ljósmyndara eða tónlistarmyndband, þar sem frjálsglega

er skipt um umhverfi og útlit. Myndin Samsara, eftir Ron Fricke og Mark Magidson, er dæmi um það.

**Lýsandi aðferð** sýnir veruleikann eins og hann blasir við, til dæmis þar sem dýr eru sýnd í sínu náttúrulega umhverfi og þulur lýsir því sem fyrir augu ber, eins og sjá má í *March of the Penguins*, eftir Luc Jacquet.

**Pátttaka** heimildargerðarmanns getur haft áhrif á atburðarás, til dæmis með viðtali, eins og sjá má í *The Fog of War* eftir Errol Morris.

**Skoðun** getur falist í því að vera staddur í miðborg og mynda það sem fyrir augu ber, til dæmis fólk, umferð og veður eða að vera staddur í sveit og mynda fólk við störf, án þess að hafa áhrif á atburðarásina.

**Gagnvirkni** er aðferð leikstjóra og á við þegar leikstjóri heimildarmyndar er hluti af atburðarásinni eða partur af viðfangsefni myndarinnar, eins og sjá má í *Stories We Tell* eftir Sarah Polley.

**Tjáning** er aðferð sem nýtist til þess að koma sannsögulegum viðburðum ákveðins aðila til skila, eins og sjá má í mynd *Marlon Riggs, Tongues United* (Anderson-Moore, 2015).

Markviss notkun myndskaiða af hversdagsleikanum, þar sem sögulegir atburðir eru settir í ákveðið samhengi með áhrifaríkum hætti og upplýsingum þannig miðlað til almennings, má rekja aftur til fyrri hluta 20. aldar. Frá 1922-1925 gaf Dziga Vertov út 23 fréttamyndir, **Kino-Pravda** (*e. Kino-Truth*) um 6-36 mínútur hver, þar sem röð atburða er sýnd, sem lýsa lífinu á fyrstu árum Sovétríkjanna í kjölfar borgarastyrjaldarinnar í Rússlandi 1918-1920. Vertov hafði áður starfað sem kvikmyndatökumaður í borgarastríðinu. Kenning hans, **kino-glaz** (*e. film-eye*) um að myndatökuvélin sé tæki svipað og mannsaugað, sem best sé til þess fallið að sýna hlutina eins og þeir eru, hafði áhrif á heimildarmyndagerð á alþjóðlegum vettvangi. Hann lagði þannig grunninn að myndmáli, sem væri laust við lögmál leikinna mynda og sviðsetningu í myndverum (Britannica, e.d). Nokkrum áratugum síðar, eða 1960, gerðu Jean Rouch og Edgar Morin myndina *Chronicle Of A Summer*, sem sýndi lífið í París sumarið 1960. Engir leikarar komu fram í myndinni, ekkert var sviðsett og ekki var stuðst við handrit. Fólk á förnum vegi var einungis spurt hvort það væri hamingjusamt. Viðbrögð og svör fólks voru ekta og þannig var fólkið sýnt í myndinni. Þessa aðferð kölluðu þeir **Cinéma Vérité** (*e. Cinema Truth*) sem byggði á kenningu Vertov og sýndi veruleikann eins og hann kom fyrir (Bergan, Jean Rouch, 2004). Myndina unnu þeir með kvikmyndatökumanninum Michel Brault, sem var einn af brautryðjendum þeirrar aðferðar að nota handhelda myndatöku (Bergan, Michel Brault obituary, 2013). Í dag er gerð heimildarmynda stór iðnaður. Sem dæmi er mynd Michael

Moore, Fahrenheit 9/11 frá 2004, tekjuhæsta heimildarmyndin í kvikmyndahúsum í Bandaríkjunum, hefur þénað þar um 119 milljón USD en um 220 milljón USD á heimsvísu og er þar með samtals þriðja tekjuhæsta heimildarmyndin í heiminum (Nash Information Services, 2020).

**Heimildarfrásögn** (e. Documentary Storytelling) hefur orðið meira áberandi á undanförunum áratug. Með þeirri aðferð nálgast kvikmyndagerðarmaðurinn viðfangsefnið og leitar þar að frásögn. Síðan er stuðst við ýmsar aðferðir til þess að gera þeirri sögu skil í máli og myndum. Þættir eins og uppbygging, einkenni, spurningar, skoðun, áferð, hagsmunir og fleira vinna saman að því að miðla efninu með heiðarlegum og listrænum hætti til áhorfandans, þannig að hann hrífist með (Bernard, 2015, bls. 15). Það er ekki þar með sagt að heimildarmyndir séu hlutlausar, því eins og í ræðu og riti, í málverkum og ljósmyndum, þá stendur höfundur heimildarfrásagnar frammi fyrir vali. Huglægt mat hvers og eins ræður því óhjákvæmilega för, sama hversu vel er gætt að jafnvægi, hlutlægni, sanngirni og nákvæmni. Hvaða sögu á að segja, af hverju og af hverjum, hvaða upplýsingar á að taka fram og hverjar á að undanskilja?

**Hlutdrægni** (e. *bias*) er oft notað til þess að lýsa sjónarhóli fréttaveitu, að sjónarmiðið sé íhaldssamt, frjálslýnt o.s.frv. Hlutdrægni fjölmiðlafólks getur haft áhrif á umfjöllun þeirra, sem getur varpað jákvæðu eða neikvæðu ljósi á viðfangsefnið. Allir hafa skoðun en góður blaðamaður, eins og góður framleiðandi heimildarmynda, gætir þess að yfirstíga þann þátt og treystir því að áhorfandinn, sem fær nægar staðreyndir, geti komist að eigin niðurstöðu. Hlutdrægni getur verið **bjöguð**, (e. distortion) **fölsk** (e. falsehood) og **villandi** (e. deception) og getur litað störf blaðamanna, þar sem val þeirra á upplýsingum og viðtölum getur verið villandi eða leiðandi og þannig haft áhrif á skoðun neytenda (Bernard, 2015, bls. 25).

Kvikmynd er form miðlunarefnis sem við upplifum. Við sjáum, heyrum og skynjum skilaboðin tilfinningalega og rökrænt. Skilaboðin geta verið sterk og sannfærandi og ef við erum ekki á verði getum við fallið fyrir efni þar sem blekkingum er beitt, viljandi eða óviljandi, sem getur bjagað eða afvegaleitt neytendur, mögulega í þeim tilgangi að skemmta eða sem málþípa hagsmunaaðila, sem reynir að sannfæra neytendur um að ákveðið sjónarmið. Það er því mikilvægt að vera á varðbergi og að beita fjölmiðlalæsi í þessu samhengi. Í tilviki heimildarmynda, til dæmis, er hægt að kanna hverjir standa að baki framleiðslunni, hverjir fjármagna hana og skoða fyrri verk þeirra og hverja þeir styðji. Einnig er hægt að skoða hvernig og hvar myndin er kynnt, kanna fullyrðingar og það sem sett er fram sem sannanir í myndinni og meta hvort spurningar séu viðeigandi eða leiðandi (Bernard, 2015, bls. 29).

## 2.5 Vinnsluaðferðir við gerð heimildarþátta

**Greining** (*e. exposition*) er grunnur að frásögn; hver, hvað, hvar, hvenær og hvers vegna. Hún auðveldar neytandanum að fylgjast með framvindu sögunnar og að setja sig inn í atburðarásina. Mynd getur hafist á upplýsingagjöf með þul, viðtölum eða texta en ættu einungis að gefa fyrirheit um það sem koma skal. **Þema** (*e. theme*) er undirliggjandi viðfangsefni sögunnar, sem er fylgt eftir í frásögninni. **Framvindan** (*e. arc*) lýsir því hvernig viðfangsefnið tekur á sig mynd í ljósi atburða. Mynd, þar sem **karakter** (*e. character*) er í aðalhlutverki, setur væntingar og þarfir karaktersins í forgrunn. Mynd, þar sem **flétta** (*e. plot*) er í forgrunni, setur karaktera í bakgrunn framvindunnar. **Sjónarhorn** (*e. point of view*) lýsir því úr hvaða átt eða á hvaða forsendum sagan er sögd. **Smáatriði** (*e. detail*) geta sagt ákveðna sögu, eins og hlutir í ákveðnu samhengi, fatnaður, húsöggn, innréttingar o.fl. **Viðunandi endir** (*e. satisfactory ending*) er sá sem oft virðist óvæntur og óhjákvæmilegur. Hann þarf að skýra til enda þá sögu sem lagt var upp með í upphafi (Bernard, 2015, bls. 53-185).

Þegar sagan hefur verið ákveðin er mikilvægt að undirbúningur fyrir tölur miðist við að ná að kvikmynda þau atriði sem geta skipt máli fyrir framvindu sögunnar og vera því viðbúinn að óvæntir atburðir geti gert góða heimildarmynd enn betri. Það getur ýmislegt haft áhrif á það hver sér um myndatöku, með hvaða búnaði og hvernig. Er sviðsmyndin heimahagar eða stjórnmalabarátta í öðru landi? Eru þeir atburðir, sem gera á skil, hversdagslegir eða einstakir? Krefst verkefnið sérstaks tækjabúnaðar eða sérhæfðrar þekkingar? Í ákveðnum tilvikum er einungis um eina manneskju að ræða, sem sér um framleiðslu, kvikmyndatöku o.fl. en í öðrum tilvikum koma tugir aðilar eða fleiri að verkinu (Bernard, 2015, bls. 185).

### 3 Vinnuferlið

Þegar kom að því að ákveða viðfangsefni fyrir lokaverkefnið fannst mér liggja beinast við að nýta þær heimildir, sem ég hafði aflað í nokkur ár fyrir sjónvarpsvef, sem ég hélt úti árin 2009-2014 í tengslum við hrunið. Krafan um nýja stjórnarskrá var hávær eftir hrun. Stjórnlagaráð samdi tillögur að frumvarpi til stjórnskipunarlaganna, sem afhentar voru forseta Alþingis í Iðnó þann 29. júlí 2011. Ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla var haldin þann 20. október 2012. 236.850 voru á kjörskrá og 115.890 greiddu atkvæði. Kosningaþátttaka var 48,9% og gild atkvæði voru 114.570. 73.509 kjósenda, eða um 64%, töldu að leggja ætti tillögur stjórnlagaráðs til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá (Hagstofa Íslands, 2013). Ný stjórnarskrá hefur enn ekki tekið við af stjórnarskrá Íslands, sem byggir á þeirri stjórnarskrá sem Íslendingar fengu afhenta frá Dönum árið 1874, með helstu breytingum frá 1920 og 1944. Einstaka greinar stjórnarskrárinnar voru ekki sérstaklega til umfjöllunar í þættinum, heldur var áherslan lögð á að spyrja hvort ný stjórnarskrá almennt hefði getað komið í veg fyrir hrunið og þá hvernig, fyrst ekki tókst að fyrirbyggja það með stjórnarskrá Íslands.

Í fyrri hluta þáttarins nýtti ég að mestu **lýsandi** (*e. expository*) aðferð til þess að miðla staðreyndum en **þátttöku** (*e. participatory*) að mestu í þeim síðari með viðtölum, auk þess sem **tjáning** (*e. performative*) annarra, sem fram koma í þættinum, er nýtt í báðum hlutum þáttarins.

#### 3.1 Heimildir

Þær heimildir sem stuðst er við í þættinum eru af ýmsum toga og eiga að þjóna þeim tilgangi að rekja í stuttu máli sögu Íslands frá landnámi að hruni, með áherslu á stjórnarfar og efnahagsmál. Þátturinn er tvískiptur. Fyrri hlutanum er ætlað að fræða áhorfandann um stjórnarfar og pólitískar ákvarðanir í efnahagsmálum í aðdraganda hrunsins. Þulur gefur áhorfandanum innsýn í nokkur viðfangsefni stjórnmalanna og því lýst þegar farið var í þá vegferð að veita fjármálastofnunum aukið vægi á húsnæðismarkaði, sem átti m.a. þátt í þeirri þenslu, sem myndaðist á Íslandi í aðdraganda hrunsins. Í síðari hluta þáttarins svara viðmælendur spurningum um stjórnarskrá, þar sem hægt er að setja svörin í samhengi við þá atburðarrás, sem lýst er í fyrri hluta þáttarins. Markmiðið er að fræða áhorfendur um stjórnarfar á Íslandi á einfaldan hátt, aðgerðir stjórnvalda og banka í aðdraganda hrunsins, kröfuna um nýja stjórnarskrá í kjölfar hrunsins og loks stöðu stjórnarskrár í því samhengi. Ég vildi hafa þáttinn fræðilegan með áherslu á kröfuna um nýja stjórnarskrá og hvort hún hefði getað komið í veg fyrir hrunið en með þeim formerkjum að þátturinn yrði fjölbreyttur og gæfi einfalda en góða mynd af stjórnarfari og ákvörðunum í efnahagsmálum, sem hægt yrði að skoða í ákveðnu samhengi við innihald og hlutverk stjórnarskrár. Áhorfandinn fær þar með tækifæri til þess að

meta hlutverk stjórnarskrár á eigin forsendum og þá hvort og hvernig hún þyrfti að vera til þess að virka sem varnagli í þeirri stöðu, sem upp kom í efnahagsmálum á Íslandi í aðdraganda hrunsins.

### **3.2 Viðmælendur**

Viðmælendur voru valdir vegna stöðu þeirra og þekkingar. Ég tók öll viðtöl og studdist við opnar spurningar, sem ég gat fylgt eftir með frekari spurningum í ákveðnum tilvikum. Þeir íslensku viðmælendur sem rætt var við voru allir áberandi í kjölfar hrunsins á mismunandi forsendum. Má því ætla að sjónarmið þeirra séu mismunandi, sem gaf mér tilefni til þess að ætla að svörin yrðu ekki einsleit eða leiddu að einróma niðurstöðu.

### **3.3 Dr. Hannes Hólmsteinn Gissurarson**

Prófessor / HÍ

Hannes hefur mikið rætt opinberlega um hrunið 2008 og hefur verið ófeiminn við að viðra skoðanir sínar á því sem hæst ber í stjórnámálum hverju sinni. Hannes var einnig í bankaráði Seðlabanka Íslands 2001-2009 og var því í návígi við þá atburði er leiddu til hrunsins. Ætla mætti að Hannes teldi að ný stjórnarskrá hefði ekki getað komið í veg fyrir hrunið. Viðtalið við Hannes var tekið í Óðinsvéum í Danmörku, þar sem hann flutti fyrirlestur á Norræna stjórn málafræðingamótinu, sem haldið var frá 8. til 11. ágúst 2017. Viðtalið tók um fimm mínútur.

### **3.4 Hörður Torfason**

Tónlistarmaður og aðgerðasinni

Hörður var mjög áberandi strax eftir hrunið 2008 og skipulagði mótmælafundi, sem haldnir voru á Austurvelli í kjölfar hrunsins. Þar talaði almenningur með ákveðnum hætti til stjórnámálanna og krafðist breytinga, m.a. nýrrar stjórnarskrár. Hörður hefur undanfarin ár verið fenginn til þess að ræða við fjölmarga fjölmiðla víða um heim um íslensk stjórnámál. Ætla mætti að Hörður teldi að mögulega hefði ný stjórnarskrá getað komið í veg fyrir hrunið eða haft áhrif til betri vegar með fyrirbyggjandi hætti upp að vissu marki. Viðtalið var tekið heima hjá Herði í september 2017 og tók um 10 mínútur.

### **3.5 María Elvira Mendez Pinedo**

María er sérfræðingur í Evrópurétti og prófessor við HÍ og var áberandi í fjölmiðlum sem viðmælandi, þar sem hún varpaði ljósi á aðdraganda og eftirmála hrunsins á Íslandi 2008. María



benti á ýmislegt í viðtalinu, sem ég tel gagnlegt sem umfjöllun um lagaumhverfi almennt, þótt hún sé ekki sérfræðingur í stjórnarskrá Íslands. Ætla mætti að María teldi að mögulega hefði ný stjórnarskrá getað hindrað þá þróun sem varð á efnahagsstjórn á Íslandi í aðdraganda hrunsins. Viðtalið var tekið á skrifstofu Mariu í Háskóla Íslands í september 2017 og tók um 20 mínútur.

### **3.6 Lawrence Lessig**

Prófessor í stjórnskipunarrétti við Harvard háskóla

Lessig hefur látið sig málefni nýrrar stjórnarskrár á Íslandi varða og hefur oft komið til Íslands til þess að leggja sitt af mörkum á fundum og í viðtölum í tengslum við starf stjórnlagaráðs og tillögur þess að frumvarpi til nýrrar stjórnskipunarlaganna. Viðtalið var tekið þann 23. janúar 2020 í Veröld, þar sem Lessig hélt erindi á fyrirlestri sem bar yfirskriftina: „Það sem bandaríska lýðræðiskrísan segir okkur um lýðræði alls staðar“. Viðtalið tók um þrjár mínútur.

### **3.7 James Fishkin**

Samskipta- og lagaprófessor við Stanford háskóla

Fishkin hefur skrifað bækur um lýðræði og stjórnsmál. Hann hélt einnig erindi á fyrirlestrinum um lýðræði í Veröld þann 23. janúar 2020. Viðtalið tók um sex mínútur.

Einnig koma við sögu María Ellingsen, leikkona, Egill Ólafsson, tónlistarmaður, Frosti Sigurjónsson, fv. þingmaður, Salvör Nordal, formaður stjórnlagaráðs, Ómar Ragnarsson, meðlimur stjórnlagaráðs, Eiríkur Bergmann, meðlimur stjórnlagaráðs, Vigdís Finnbogadóttir, fv. forseti Íslands, Baldvin Jónsson fv. varaþingmaður, Arnþrúður Karlsdóttir, útvarpsstjóri og Ólafur Ragnar Grímsson, fv. forseti Íslands.

### **3.8 Ljósmyndir**

Þær ljósmyndir, sem valdar voru fyrir þáttinn, er ætlað að styðja frásögnina með myndrænum hætti. Þær eru oftast lýsandi fyrir þá atburðarás sem lýst er og eru nýttar í bland við myndskreið frá ýmsum viðburðum í tengslum við hrúnið. Sumar myndirnar tók ég en aðrar eru fengnar af netinu og var heimilda var gætt við vinnslu handrits.

### **3.9 Umfjöllun blaða**

Skjaskot af umfjöllun blaða og vefrita eru nýtt sem heimildir og til þess að lýsa því með myndrænum hætti sem um er fjallað í handriti. Heimilda var gætt við vinnslu handrits.

### 3.10 Grafík

Grafík er notuð til þess að sýna með myndrænum hætti þá atburði og þróun, sem lýst er í handriti. Tilgangurinn var að lýsa staðháttum myndrænt og sýna í tímalínu og töflu þá atburðarás og tölur, sem lýst er í handriti.

### 3.11 Tónlist

Ég samdi, spilaði og hljóðritaði alla tónlist sérstaklega fyrir sjónvarpsþáttinn, fyrir utan fyrsta stefið, sem ég samdi árið 2010.

### 3.12 Samsetning

Ég sá um alla klippingu á sjónvarpsþættinum, litaleiðréttingu, hljóðvinnslu, grafík og frágang. Sjónvarpsþátturinn er í tveimur hlutum og skiptist samtals í 16 kafla. Innganginum er ætlað að lýsa innihaldi þáttarins, söguviði þeirra atburða sem fjallað er um og loks tilgangi þáttarins. Næstu kaflar hafa heiti hver um sig og er tilgangurinn að afmarka umræðuefnið hverju sinni og að auðvelda dreifingu, kynningu og umfjöllun um þáttinn á vefmiðlum og í umræðuþáttum útvarps- og sjónvarpsstöðva, þar sem hægt er að birta staka kafla úr þættinum og tengja við kynninguna eða umræðuna í fjölmiðlum hverju sinni.

### 3.13 Álitamál

Þegar lagt er upp með frásögn, þar sem viðfangsefnið er afmarkað eins og í þessu tilviki og spurt er hvort ný stjórnarskrá hefði getað komið í veg fyrir hrunið á Íslandi 2008, kemur að því að ákveða þurfi hvort og þá hvaða heimildir og umfjöllun henti til þess að varpa betur ljósi á þá umgjörð sem tengir hrunið við stjórnarskrá. Þróun stjórnarfars á Íslandi, tilurð stjórnarskrár Íslands, aðdragandi hrunsins og mótmæli í kjölfar hrunsins, setur spurninguna um hlutverk stjórnarskrár í ákveðið samhengi. Hvort lýsa þurfi atburðum meira eða minna getur verið álitamál og getur hæglega misst marks á hvorn veginn sem er. Val á viðmælendum er sömuleiðis vandasamt, þar sem gæta þarf að því að svör verði skýr og fræðileg en þó á persónulegum nótum þar sem við á og ekki einhliða og áróðurskennd. Viðmælendur þurfa helst að hafa verið í ákveðnu návígi við þá atburði sem lýst er og hafa þekkingu á viðfangsefninu, þar sem fagleg sjónarmið ráða för í bland við skoðanir. Sömuleiðis þurfa skoðanir mínar að víkja eins og kostur er fyrir faglegri vinnslu hvað áherslur varðar og því, hversu langt er hægt að ganga í að komast að endanlegri og „réttri“ niðurstöðu, sérstaklega þar sem forsendur fyrir niðurstöðunni eru breytilegar. Forsendurnar eru þær helstar að mögulega hefði stjórnarskrá Íslands getað virkað sem varnagli og lágmarkað þenslu í aðdraganda hrunsins og afleiðingar hrunsins í kjölfar þess. Í því sambandi er ég sérstaklega að vísa til valdheimilda forseta Íslands

í stjórnarskránni, eins og 26. gr. hennar, þar sem forseti Íslands getur synjað lagafrumvarpi staðfestingar. Auk þess skiptir máli hvaða forsendur maður gefur sér um innihald nýrrar stjórnarskrár svo hægt sé að meta hvort ný stjórnarskrá hefði getað komið í veg fyrir hrunið. Þannig gæti ný stjórnarskrá, eða breyting á stjórnarskrá Íslands, innihaldið greinar, sem ætlað er að koma í veg fyrir fjármálahrun, svipað því sem varð á Íslandi 2008. Þar sem ekki er hægt að sjá fyrir um allar forsendur fyrir nýju hruni er ekki hægt að sjá að hægt yrði að semja greinar í stjórnarskrá til þess að fyrirbyggja atburði, sem ekki er vitað hverjir gætu orðið.

### **3.14 Hindranir**

Helst má nefna sem hindrun að þar sem verkefnið er unnið af mér er ekki um hóp starfsmanna á ritstjórn að ræða við móttun og úrvinnslu verkefnisins. Leiðsögn leiðbeinandi míns, Friðriks Þórs Guðmundssonar, var því gagnleg í því sambandi. Rannsóknarspurningin, sem lagt var upp með - Hefði ný stjórnarskrá getað komið í veg fyrir hrunið og þá hvernig? – gefur ekki endilega kost á afgerandi svari í eina átt umfram aðra, auk þess að geta verið túlkunaratriði. Svör við fleiri spurningum, sem stuðst var við, gáfu þó betri vísbendingu um hlutverk stjórnarskrár í því sambandi.

## 4 Umræður og lokaorð

Umræðu um stjórnarskrá Íslands má finna víða í fjölmiðlum, enda hefur hún verið til umræðu á mismunandi tímum og forsendum. Efnisleg umræða um innihald hennar hefur hins vegar ekki farið hátt að mínu mati, með ákveðnum undantekningum. Í því sambandi má nefna 26. greinina, þar sem fjallað er um staðfestingu forseta Íslands á lagafrumvarpi frá Alþingi og hvað skuli gera ef forsetinn synjar lagafrumvarpi staðfestingar. Lengi vel var því haldið fram að þessi grein væri í raun óvirk, að forseti Íslands gæti ekki beitt henni og farið þannig á svig við lýðræðislega niðurstöðu Alþingis, sem starfaði í umboði kjósenda. Það kom hins vegar að því að forseti Íslands beitti þessari grein í fyrsta sinn í sögu lýðveldisins, í Icesave málinu svokallaða, þann 6. mars 2010. Að mínu mati er sjaldan fjallað efnislega um einstaka lög í fjölmiðlum, sem samþykkt eru á Alþingi en meira fjallað þar um störf þingsins almennt.

Efnisleg umfjöllun fjölmiðla um lög og forsendur fyrir þeim er kannski ekki vinsælt og sá tími og kostnaður, sem færi í að gera þeim góð skil á fræðilegum nótum, er kannski ekki á færi allra fjölmiðla. Á móti kemur að auðvelt er fyrir almenning að koma upplýsingum og skoðunum á framfæri á vefsíðum, samfélagsmiðlum og í útvarpi, sjónvarpi og greinum í prentmiðlum en mögulega yrði sú umfjöllun neðarlega á lista neytenda í þeirri flóru fréttu og afþreyingar sem í boði er. Í þessu verkefni vildi ég því fræða neytendur um stjórnarfar og stjórnarskrá, ásamt því að koma sjónarmiðum viðmælenda til skila og setja hrúnið og stjórnarskrá þannig í ákveðið samhengi. Annar kostur hefði verið að fjalla eingöngu um stjórnarskrár margra landa, bera þær saman, skoða þær greinar sem helst hefðu komið til greina sem varnagli við þenslu og hrúni, hvort og þá hvernig þær greinar hefðu verið nýttar o.s.frv. Sú leið sem ég valdi, að fræða og fá svör viðmælenda við spurningum um stjórnarskrá í því samhengi, taldi ég betur til þess fallið að gera þessa umfjöllun áhugaverða.

### 4.1 Niðurstaðan

Niðurstaðan varð sú að skoðanir viðmælenda voru skiptar um það hvort ný stjórnarskrá hefði getað komið í veg fyrir hrúnið en flestir voru á þeirri skoðun að svo væri ekki. Hins vegar kom fram að annars konar stjórnarskrá en sú íslenska hefði mögulega getað dregið úr afleiðingum hrunsins.

### 4.2 Takmarkanir verksins

Mér fannst tilefni til þess að spyrja hvort ný stjórnarskrá hefði getað komið í veg fyrir hrúnið en hið „réttu“ svar er kannski ekki til eða ekki hægt að finna það með góðu móti. Sem dæmi má spyrja hvort afleiðingar hrunsins hefðu orðið mildari á Íslandi ef Seðlabankinn hefði ekki

mátt ráðstafa gjaldeyrisforðanum með þeim hætti sem gert var eða hvort koma hefði mátt í veg fyrir hrunið með því að banna íslenskum bönkum að starfa erlendis samkvæmt greinum í breyttri eða nýrri stjórnarskrá. Á móti má spyrja hvort þær greinar ættu heima í stjórnarskrá, enda settu þær of miklar skorður við sjálfstæði Seðlabankans og frelsi íslenskra fjármálafyrirtækja í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi á almennum markaði innan EES svæðisins. Mögulega hefði verið nóg að setja skilyrði í almennum lögum þess efnis að ríkið yrði að eiga ákveðinn hlut í íslenskum bönkum sem störfuðu erlendis. Þannig hefði mögulega mátt skerpa á ákvörðunum í stjórnnum bankanna, sem vörðuðu ábyrgð ríkisins, sem mögulega hefðu þá vaxið hægar með minni áhættu.

Spurningin um það hvort ný stjórnarskrá hefði getað komið í veg fyrir hrunið setur áhersluna á stjórnarskrá, þegar mögulega hefði virkað betur að setja og herða almenn lög um virkara eftirlit með fjármálastofnunum með annars konar fyrirkomulagi, meiri ráðherraábyrgð, um upplýsingaskyldu stjórnvalda gagnvart fjölmiðlum, skorður við fjármálastarfsemi o.s.frv.

### **Lærdómur**

Það er ekki alltaf einfalt að finna þá leið sem sameinar áhuga minn á vinnslu og miðlun upplýsinga, sem mér finnst að eigi erindi við almenning og því, á hverju almenningur hefur áhuga. Hlutverk fjölmiðla, sem fjórða valdsins svokallaða, ætti að vera skilið frá pólitískum og efnahagslegum hagsmunum. Á sama tíma keppa þeir á auglýsingamarkaði og um athygli neytenda. Fleiri neytendur gefa möguleika á hærri auglýsingatekjum, sem aftur gefur kost á öflugri blaðamennsku og að veita valdhöfum virkara aðhald. Til þess að höfða til fleiri neytenda þarf að leggja áherslu á það sem neytendur hafa áhuga á. Að mínu mati er fjórða valdið bitlaust ef því er ekki beitt rétt. Fjölmiðill, sem leggur áherslu á hagnað, er mögulega háður því að styggja hvorki fyrirtæki né valdhafa. Þá er mögulega gert út á einfalda upplýsingamiðlun fremur en tímafreka fréttamennsku, þar sem hægt yrði að rannsaka viðfangsefnin betur.

## 5 Heimildaskrá

- Anderson-Moore, O. (17. september 2015). Nichols' 6 Modes of Documentary Might Expand Your Storytelling Strategies. Sótt 20. febrúar 2020 frá No film school:  
<https://nofilmschool.com/2015/09/nichols-6-modes-documentary-can-help-expand-your-storytelling>
- BBC. (e.d). Nine astonishing ways David Attenborough shaped your world. Sótt 3. febrúar 2020 frá [bbc.co.uk](https://www.bbc.co.uk): <https://www.bbc.co.uk/teach/nine-astonishing-ways-david-attenborough-shaped-your-world/z4k2kmm>
- Bergan, R. (20. febrúar 2004). Jean Rouch. Sótt 2. mars 2020 frá The Guardian:  
<https://www.theguardian.com/news/2004/feb/20/guardianobituaries.film>
- Bergan, R. (10. október 2013). Michel Brault obituary. Sótt 5. mars 2020 frá The Guardian:  
<https://www.theguardian.com/film/2013/oct/10/michel-brault>
- Bernard, S. C. (2015). Documentary Storytelling. London: Routledge.
- Blaðamannafélag Íslands. (1991). Siðareglur Blaðamannafélags Íslands. Sótt 3. janúar 2020 frá [press.is/](https://www.press.is/): <https://www.press.is/is/log-sidareglur/sidavefur/sidareglur-bi>
- Britannica. (e.d). Dziga Vertov. Sótt 12. febrúar 2020 frá <https://www.britannica.com/>:  
<https://www.britannica.com/art/theatrical-production>
- Dagblaðið Vísir. (1981). Dagblaðið Vísir. Sótt 12. janúar 2020 frá [timarit.is/](https://timarit.is/):  
<https://timarit.is/page/2508361#page/n17/mode/2up>
- Ferguson, N. (2020). Niall Ferguson. Sótt 19. mars 2020 frá [niallferguson.com](http://www.niallferguson.com/):  
<http://www.niallferguson.com/>
- Google. (e.d). Google Trends. Sótt 16. febrúar 2020 frá <https://trends.google.com/>:  
<https://trends.google.com/trends/explore?date=all&q=Documentaries>
- Hagstofa Íslands. (18. apríl 2013). Þjóðaratkvæðagreiðsla 20. október 2012. Sótt 10. janúar 2020 frá [hagstofa.is](https://hagstofa.is/):  
<https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/kosningar/thjodaratkvaedagreidsla-20-oktober-2012/>
- Hosch, W. L. (e.d). Britannica. Sótt 9. mars 2020 frá <https://www.britannica.com/>:  
<https://www.britannica.com/topic/YouTube>
- Íslands, A. (2019-2020). Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2020. Reykjavík: Alþingi Íslands. Sótt 10. janúar 2020 frá <https://www.althingi.is/alttext/pdf/150/s/0001.pdf>
- Mancer, D. (2019). Clive James. Sótt 17. apríl 2020 frá [clivejames.com](https://www.clivejames.com/):  
<https://www.clivejames.com/>

- Mills, B. (2012). Reading media theory : thinkers, approaches and contexts. New York: Pearson.
- Nash Information Services. (2020). All Time Worldwide Box Office for Documentary Movies. Sótt 14. mars 2020 frá the-numbers.com: <https://www.the-numbers.com/box-office-records/worldwide/all-movies/genres/documentary>
- Nichols, B. (2001). Introduction to Documentary. Bloomington & Indianapolis: Indiana University Press.
- PBS. (2020). FRONTLINE. Sótt 14. mars 2020 frá pbs.org: <https://www.pbs.org/wgbh/frontline/films/>
- Randall, D. (2007). The universal journalist. London: Pluto Press.
- RSF 1. (2020). Even tighter control - China. Sótt 10. mars 2020 frá <https://rsf.org/en/china>: <https://rsf.org/en/china>
- RSF. (2020). 2020 WORLD PRESS FREEDOM INDEX. Sótt 12. mars 2020 frá [rsf.org/en/ranking](https://rsf.org/en/ranking): <https://rsf.org/en/ranking>
- Science, T. A. (e.d). THE 1ST ACADEMY AWARDS - 1929 and 1942. Sótt 11. mars 2020 frá [oscars.org](https://www.oscars.org/oscars/ceremonies/1929): <https://www.oscars.org/oscars/ceremonies/1929>
- Sigríður Hagalín Björnsdóttir. (9. september 2019). Deilt um RÚV á auglýsingamarkaði. Sótt 10. febrúar 2020 frá RÚV: <https://www.ruv.is/frett/deilt-um-ruv-a-auglysingamarkadi>
- Stats, I. W. (e.d). INTERNET GROWTH STATISTICS. Sótt 10. desember 2019 frá <https://www.internetworldstats.com/>
- Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, 1944 nr. 33 17. júní (Alþingi Íslands 10. janúar 2020). Sótt 10. október 2019 frá Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1944033.html>
- Sýn hf. (2019). Samstæðuársreikningur 2019. Reykjavík: Sýn. Sótt 15. febrúar 2020 frá <https://ml-eu.globenewswire.com/Resource/Download/315ac1a1-0498-4ca8-8510-487ef81fe317>
- Williams, K. (2003). Understanding media theory. London: Arnold.

## 6 Viðaukar

### 6.1 Viðauki 1 – Handrit og samsetning tímaskráning

Dagsett og tímasett skjal fyrir vinnslu við sjónvarpsþáttinn.

07-02-2020. 17:30 - 19.00 - Textavinna  
08-02-2020. 18.00 - 19.00 - Textavinna  
09-02-2020. 00.45 - 02.10 - Textavinna  
09-02-2020. 14.00 - 15.20 - Textavinna  
09-02-2020. 16.00 - 16.40 - Textavinna  
09-02-2020. 18.00 - 19.00 - Textavinna  
10-02-2020. 17.00 - 18.30 - Textavinna  
10-02-2020. 20.50 - 22.20 - Textavinna  
11-02-2020. 00.00 - 01.10 - Textavinna  
11-02-2020. 09.40 - 12.10 - Grafík  
11-02-2020. 15.10 - 15.45 - Grafík  
11-02-2020. 17.00 - 20.40 - Grafík  
12-02-2020. 22.55 - 23.55 - Grafík  
13-02-2020. 09.00 - 11.20 - Grafík  
13-02-2020. 22.20 - 23.45 - Textavinna  
14-02-2020. 18.00 - 19.00 - Grafík  
14-02-2020. 19.30 - 19.40 - Grafík  
14-02-2020. 21.30 - 22.20 - Grafík  
17-02-2020. 23.50 - 01.10 - Textavinna  
20-02-2020. 09.40 - 11.10 - Textavinna  
20-02-2020. 13.10 - 14.00 - Hljóðvinna  
21-02-2020. 19.25 - 21.20 - Viðtöl  
22-02-2020. 00.00 - 01.15 - Viðtöl  
22-02-2020. 10.10 - 10.55 - Viðtöl  
22-02-2020. 12.35 - 13.55 - Viðtöl  
22-02-2020. 14.20 - 16.10 - Viðtöl



22-02-2020. 17.15 - 17.40 - Hljóðvinnsla  
23-02-2020. 10.45 - 15.25 - Hljóðvinnsla  
23-02-2020. 21.10 - 21.15 - Viðtöl  
23-02-2020. 22.15 - 00.10 - Viðtöl  
24-02-2020. 09.10 - 13.15 - Samsetning  
24-02-2020. 16.20 - 19.10 - Samsetning  
25-02-2020. 08.55 - 10.20 - Samsetning  
25-02-2020. 14.50 - 15.40 - Samsetning  
25-02-2020. 16.40 - 16.50 - Samsetning  
25-02-2020. 21.40 - 22.30 - Samsetning  
26-02-2020. 08.50 - 11.30 - Samsetning  
04-03-2020. 10.55 - 11.40 - Myndefni skoðað  
04-03-2020. 13.15 - 14.20 - Myndefni valið  
04-03-2020. 15.10 - 16.20 - Myndefni valið  
05-03-2020. 20.10 - 21.50 - Myndefni valið  
05-03-2020. 22.30 - 23.35 - Myndefni valið  
06-03-2020. 10.25 - 12.45 - Myndefni valið  
06-03-2020. 16.50 - 18.00 - Myndefni valið  
06-03-2020. 23.00 - 00.15 - Myndefni valið  
07-03-2020. 11.30 - 12.30 - Myndefni valið  
07-03-2020. 16.20 - 17.40 - Myndefni valið  
07-03-2020. 18.45 - 19.30 - Myndefni valið  
08-03-2020. 16.50 - 20.05 - Myndefni valið  
08-03-2020. 20.25 - 21.10 - Myndefni valið  
08-03-2020. 21.40 - 23.20 - Myndefni valið  
09-03-2020. 09.00 - 13.50 - Myndefni valið  
09-03-2020. 16.25 - 16.50 - Myndefni valið  
09-03-2020. 17.35 - 21.00 - Myndefni valið  
10-03-2020. 08.40 - 15.10 - Myndefni valið

10-03-2020. 15.40 - 17.25 - Myndefni valið  
11-03-2020. 08.45 - 14.25 - Grafík  
11-03-2020. 15.25 - 17.50 - Myndefni valið  
11-03-2020. 19.05 - 19.10 - Myndefni valið  
11-03-2020. 20.45 - 21.20 - Myndefni valið  
12-03-2020. 13.40 - 15.40 - Myndataka  
12-03-2020. 18.10 - 23.15 - Samsetning  
13-03-2020. 08.40 - 10.55 - Samsetning  
13-03-2020. 12.20 - 13.25 - Samsetning  
13-03-2020. 14.40 - 21.00 - Samsetning  
14-03-2020. 11.05 - 14.35 - Samsetning  
14-03-2020. 21.30 - 22.45 - Samsetning  
14-03-2020. 23.20 - 00.20 - Samsetning  
15-03-2020. 10.55 - 15.00 - Samsetning  
15-03-2020. 16.55 - 20.50 - Samsetning  
16-03-2020. 09.50 - 15.10 - Samsetning  
16-03-2020. 16.15 - 19.30 - Samsetning  
16-03-2020. 20.10 - 21.20 - Samsetning  
17-03-2020. 09.35 - 13.25 - Samsetning  
17-03-2020. 14.25 - 17.00 - Samsetning  
17-03-2020. 17.50 - 19.30 - Samsetning  
18-03-2020. 10.25 - 12.45 - Samsetning  
18-03-2020. 17.35 - 21.15 - Samsetning  
19-03-2020. 09.00 - 14.00 - Samsetning  
19-03-2020. 15.00 - 18.35 - Samsetning  
20-03-2020. 11.25 - 12.55 - Samsetning  
20-03-2020. 14.55 - 18.00 - Samsetning  
21-03-2020. 14.15 - 14.40 - Samsetning  
21-03-2020. 18.10 - 19.35 - Samsetning

21-03-2020. 22.40 - 23.15 - Samsetning  
22-03-2020. 10.35 - 14.00 - Samsetning  
22-03-2020. 15.55 - 21.40 - Samsetning  
22-03-2020. 22.35 - 23.05 - Samsetning  
23-03-2020. 09.25 - 11.05 - Samsetning  
23-03-2020. 13.15 - 13.55 - Samsetning  
23-03-2020. 14.20 - 17.10 - Samsetning  
23-03-2020. 19.51 - 20.55 - Samsetning  
24-03-2020. 00.15 - 00.50 - Samsetning  
24-03-2020. 11.55 - 22.10 - Samsetning  
25-03-2020. 09.25 - 12.00 - Samsetning  
25-03-2020. 12.30 - 13.35 - Samsetning  
26-03-2020. 14.10 - 15.20 - Samsetning  
26-03-2020. 17.10 - 18.10 - Samsetning  
27-03-2020. 10.30 - 11.10 - Samsetning  
28-03-2020. 09.25 - 10.10 - Samsetning  
28-03-2020. 15.00 - 17.10 - Samsetning  
28-03-2020. 20.10 - 23.35 - Samsetning  
29-03-2020. 17.10 - 18.30 - Samsetning  
30-03-2020. 10.20 - 18.30 - Samsetning  
19-04-2020. 12.20 - 19.05 - Samsetning  
22-04-2020. 19.40 - 19.55 - Grafík  
22-04-2020. 22.25 - 00.05 - Grafík  
05-05-2020. 16.00 - 16.25 - Samsetning  
06-05-2020. 10.55 - 01.25 - Hljóðvinnsla

## 6.2 Viðauki 2 – Handrit og þýðing vinnuskjal

Handrit sjónvarpsþáttarins og þýðing á frásögn viðmælenda.

### Inngangur

Bankahrunið á Íslandi, í október 2008, átti sér nokkurn aðdraganda, bæði á viðskiptalegum og pólitískum grunni.

Í kjölfar hrunsins komu fram háværar kröfur í samfélaginu um breytingar.

Þær heyrðust meðal annars á útifundum á Austurvelli, sem haldnir voru í tugi skipta á ári næstu árin.

Þess var krafist að ríkisstjórn Íslands segði af sér og að boðað yrði til kosninga.

Þess var einnig krafist að stjórn Seðlabanka Íslands viki og að ný stjórnarskrá tæki við af stjórnarskrá Íslands, sem byggir á þeirri stjórnarskrá sem Kristján níundi, Danakonungur, afhenti Íslendingum árið 1874.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á stjórnarskránni frá þeim tíma, þær helstu árið 1920 í tengslum við fullveldi Íslands og árið 1944 í tengslum við sjálfstæði Íslands.

Í þessum þætti verður því leitað svara við þeirri spurningu, hvort ný stjórnarskrá hefði getað komið í veg fyrir hrunið á Íslandi í október árið 2008.

Til þess að skoða stjórnarskrá og möguleg áhrif hennar í samhengi við hrunið verður hér fyrst stuttlega vikið að þróun stjórnarfyrikomulags á Íslandi frá landnámi.

Síðar verða tekin dæmi af efnahagsstjórn og samspili stjórn mála og viðskiptalífs á frjálsum markaði á Íslandi í aðdraganda hrunsins.

Sú mynd, sem hér verður dreginn upp af völdum og viðskiptum, verður sett í samhengi við tilgang stjórnarskrár og möguleg tenging hennar við efnahagsstjórn og viðskipti á frjálsum markaði skoðuð.

### Valdhafar yfir Íslandi frá landnámi

Konungsvald, með beinum og óbeinum hætti, hefur að mestu fylgt sögu Íslands frá því árið 874, þegar Norðmaðurinn Ingólfur Arnarson nam hér land, eins og greint er frá í Landnámu.

Íslendingar stofnuðu fyrsta Alþingi heims á Þingvöllum árið 930, sem markaði tímamót í stjórnskipan í heiminum, þar sem allsherjarlög voru sett fyrir alla þjóðina.

Þessu Þjóðveldistímabili, sem svo hefur verið kallað, lauk þegar Hákon Noregskonungi tókst eftir rúmlega 40 ára baráttu, sem kallað hefur verið Sturlungaöld, að koma Íslandi undir norsku krúnuna með undirritun Gamla sáttmála árið 1262.

Við samruna norsku og dönsku krúnanna seint á 14. öld, komst Ísland undir Danakonung.

Í kjölfar styrjalda fluttist Noregur undir Svíakonung árið 1814 og hertogadæmin Slésvík og Holtsetaland, sunnan við Jótland, féllu Prússlandi og Austurríki í skaut hálfri öld síðar.

Þar með var danska konungsveldið ekki lengur fjölþjóðlegt.

Var þá talið að Ísland, sem hafði ýmist verið kallað ríkishluti, hjálenda eða nýlenda í opinberum skjölum, ætti tæplega heima í dönsku þjóðríki.

Þökk sé Jóni Sigurðssyni, pólitískum forystumanni Íslendinga, ásamt Dönnum og Íslendingum sem létu sig málið varða, fluttust völdin á nokkrum áratugum smám saman frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur.

Þann 17. júní árið 1944 öðluðust Íslendingar að lokum fullt sjálfstæði á ný og þar með lauk yfirráðum erlendra konunga á Íslandi, sem varað hafði í tæplega 700 ár.

### **Sjálfstæðir Íslendingar**

Eftir að Ísland öðlaðist sjálfstæði frá Dönnum héldu Íslendingar sig að mestu frá erlendum áhrifum næstu hálfu öldina.

Undir lok 20. aldar hafði ríkið aflétt einkaleyfi sínu á útvarps- og sjónvarpsútsendingum, auk þess sem Internetið átti sinn þátt í aukinni heimsvæðingu með landamæralausum viðskiptum og miðlun upplýsinga.

Íslendingar voru frelsinu fegnir.

Það mætti segja að kyrrlát kvöld, eins og Bubbi Morthens söng um á plötu Utangarðsmanna, Í upphafi skyldi endinn skoða, hafi einkennt íslenskt stjórn mála- og viðskiptalíf nær allan tíunda áratugar seinustu aldar.

Stöðugleiki í stjórn málum og viðskiptum hélst að mestu allan áratuginn, sem var viðsnúningur frá níunda áratugnum, sem einkenndist af miklu umróti á stjórn málasviðinu og í efnahagsmálum Íslendinga, þar sem víxlverkun launa- og verðhækkana olli mikilli verðbólgu. Þjóðarsáttarsamningurinn, á milli vinnuveitenda, verkalýðsfélaga og stjórnvalda var undirritaður þann 2. febrúar árið 1990, sem hélt aftur af verðbólgunni og Davíð Oddsson, þáverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, varð forsætisráðherra þann 30. apríl árið 1991.

Því embætti gegndi hann í rúmlega 13 ár, eða samfellt lengst allra forsætisráðherra Íslands hingað til.

Auk þess undirrituðu Íslendingar EES samninginn svokallaða, sem kvað m.a. á um frjálsan flutning vöru, vinnuafis, þjónustu og fjármagns innan evrópska efnahagssvæðisins en hann tók að fullu gildi þann 1. janúar árið 1994.

Verðbólga hélst að mestu nálægt verðból gumarkmiði Seðlabankans allan áratuginn, eða nálægt 2,5%. og húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu stóð nánast í stað á þessu tímabili.

## Ríkið og hinn frjálsi markaður

En skjótt skipast verður í lofti.

Fram undan voru róttækar breytingar á húsnæðismarkaði og fjármálastarfsemi.

Ríkið hafði til áratuga verið helsti lánveitandi húsnæðislána upp að ákveðnu marki, þar sem íslenskir bankar höfðu í ákveðnum tilvikum veitt lán fyrir því sem upp á vantaði miðað við markaðsvirði fasteigna.

Í stjórnarskrá Íslands er hvorki kafli eða greinar um efnahagsstjórn eða starfsemi á fjármálamarkaði.

Til glöggvunar verða því tekin stutt dæmi um það hvernig kaupin gerast á eyrinni, varðandi efnahagsstjórn og fjármálastarfsemi á almennum markaði, áður en spurningum um hlutverk stjórnarskrár í tengslum við hagstjórn verður svarað.

Mikilvægt er að skoða ásókn íslensku bankanna á húsnæðislánamarkað á Íslandi í tengslum við fjármálaöryggi þjóðarinnar í aðdraganda hrunsins.

Einnig er vert að skoða umsvif íslensku bankanna á markaði erlendis, enda gátu þeir að mestu starfað innan evrópska efnahagssvæðisins eins og um starfsemi á Íslandi væri að ræða, bæði hvað varðar viðskiptabankastarfsemi og fjárfestingar á almennum markaði.

Skrefið var stigið til fulls þann 23. ágúst árið 2004, þegar KB banki hóf að veita íbúðaveðlán og aðrir íslenskir bankar fylgdu í kjölfarið nokkrum dögum síðar.

Rúmum tveimur mánuðum síðar, eða þann 8. nóvember, tilkynntu stærstu bankar landsins, Íslandsbanki, Landsbanki og KB banki, að þeir byðu 100% lán til íbúðakaupa og að hámarkið yrði 25 milljónir króna, sem var bæði hærra veðhlutfall og um tvöfalt hærri upphæð en Íbúðalánasjóður ríkisins lánaði til íbúðakaupa á þessum tíma.

Íslensku bankarnir tóku þá að mestu við hlutverki Íbúðalánasjóðs, sem þó starfaði áfram á húsnæðislánamarkaði.

Aukið lánsfé þýddi hækkandi húsnæðisverð.

Þar með hófst tímabil þenslu á húsnæðismarkaði á Íslandi, sem varði í um þrjú ár.

Fjármálakrísuna í Bandaríkjunum haustið 2008 má einmitt rekja til svokallaðra undirmálslána á húsnæðismarkaði.

Þar voru húsnæðislán sett saman í lánasöfn, sem stórir fjárfestar, eins og bankar og lífeyrissjóðir, keyptu til ávöxtunar eða endurseldu með skjótfenginn hagnað að leiðarljósi.

Það kom síðan að því að lánþegar, sem í ákveðnum tilvikum fengu íbúðalán, sem ekki var raunhæft að þeir stæðu undir, gátu ekki greitt af þeim lánnum.

Þá skiluðu þeir íbúðunum, sem þýddi að lánin urðu verðlítill eða verðlaus vegna þess að þær íbúðir, sem stóðu á bakvið lánin, urðu verðlittlar eða verðlausar vegna minkandi eftirspurnar á íbúðamarkaði í Bandaríkjunum.

Þessa atburðarás þarf að setja í samhengi við versnandi stöðu á fjármálamarkaði á Íslandi, enda lokuðust alþjóðlegar lánalínur til íslenskra banka alfarið í kjölfar versnandi stöðu þeirra á mörkuðum erlendis.

Íslenska krónan lét einnig undan síga og þótti ekki traustur gjaldmiðill víða á erlendum mörkuðum.

Kjörnum fulltrúum á Alþingi Íslendinga tókst ekki að setja nægar skorður við starfsemi og vexti íslensku bankanna, sem störfuðu erlendis á frjálsum markaði á grundvelli EES samningsins.

Íslenska ríkið, sem hafði til áratuga haft gott lánshæfismat á erlendum mörkuðum, komst í þá stöðu að þurfa að leita á náðir Alþjóða gjaldeyrissjóðsins, svo hægt yrði að tryggja að vörur bærust áfram til landsins.

Hvort farið hafi verið eftir stjórnarskrá Íslands hvað starfsemi íslensku bankanna varðar í þessu samhengi eða hvort heimildir hafi skort í stjórnarskrá Íslands, sem eins konar öryggisventil þegar fjármálaöryggi þjóðarinnar er annars vegar, verður fjallað um hér síðar í þættinum.

En hvernig komst Ísland í þessa stöðu? Hluta skýringarinnar má e.t.v. finna í einkavæðingarferli ríkisins við upphaf tíunda áratugs seinustu aldar, sem gæti varpað ljósi á samspil stjórnvalda og fjármálakerfisins.

## **Einkavæðing**

Sala á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum var hluti af því einkavæðingarferli, sem kynnt var í desember árið 1991.

Þá tilkynnti Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, að auk Búnaðarbankans yrði sala undirbúin á Ferðaskrifstofu Íslands, Bifreiðaskoðun Íslands, Endurvinnslunni, Gutenberg og Sementsverksmiðjunni.

Við sölu Búnaðarbankans var áhersla lögð á að fá erlendan fjárfesti, sem er skiljanlegt í ljósi þess sem fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá árinu 2005, þar sem fjallað er um sölu á fyrirtækjum í eigu ríkisins á árunum 1991-1994.

Í skýrslunni kemur fram að ríkið hafi á þessum árum selt eða lagt niður yfir tug fyrirtækja og að salan hafi skilað ríkinu liðlega 800 milljónum króna.

Sem dæmi var Ferðaskrifstofa Íslands seld starfsmönnum hennar fyrir tæpar 19 milljónir króna og var það fyrirtæki ekki boðið öðrum aðilum til kaups, eins og Ríkisendurskoðun taldi að hefði átt að gera.

Það var því kannski ekki eftir svo miklu að slægjast á innlendum markaði þegar sala ríkisins á hlut sínum í banka var annars vegar.

Í viðtölum við eigendur fyrirtækjanna, sem ríkið seldi á þessum árum, mátti helst merkja þá breytingu að starfsmenn sýndu meiri ábyrgðartilfinningu í sambandi við rekstur og afkomu fyrirtækjanna.

Skjótvirkari ákvarðanataka var einnig nefnd í því sambandi.

Einnig töldu þeir að „ríkisfyrirtæki hefðu liðið fyrir seinvirka ákvarðanatöku sem hefði m.a. valdið stöðnun og leitt til úreltra vinnubragða.“

Þá var einnig nefnt að stjórnarmenn í ríkisfyrirtækjum væru álitnir áhættufælnir.

Í janúar 2003 seldi íslenska ríkið 45,8% hlut sinn í Búnaðarbankanum, sem síðar varð hluti af KB banka.

Fjórtán árum síðar komst rannsóknarnefnd Alþingis að þeirri niðurstöðu að blekkingum hafi verið beitt í þeim viðskiptum og að þýski bankinn Hauck & Aufhauser hafi á þeim tíma í reynd ekki verið fjárfestir í bankanum, eins og haldið hafði verið fram í tengslum við þá sölu.

## **Stjórnarskrá**

Fyrstu eiginlegu stjórnarskrárnar komu fram í Bandaríkjunum og Frakklandi seint á átjándu öld og endurspegluðu þær vaxandi andstöðu við harðstjórn og óheft ríkisvald.

Að grunni til má segja að stjórnarskrá sé eins konar samfélagssáttmáli, þar sem kveðið er á um hlutverk ríkisins, réttindi borgaranna, skiptingu valdastofnanna og aðskilnað þeirra í ákveðnum tilvikum.

Þannig er lögð áhersla á sjálfstæði löggjafarvalds, framkvæmdavalds og dómvalds, sem liggur til grundvallar réttarríkis.

Stjórnarskrá Íslendinga kom ekki í veg fyrir hrunið árið 2008.

Fjármálaöryggi þjóðarinnar var stefnt í hættu, orðspor Íslendinga á alþjóðavettvangi laskaðist, öryggisventlar í stjórnkerfinu brugðust og því má segja hrunið hafi jafnt verið pólitískt og efnahagslegt.

Þegar stjórnarskrá Íslendinga er skoðuð kemur í ljós að þar er hvergi að finna kafla um efnahagsstjórn eða skorður við bankastarfsemi á frjálsum markaði.

Stjórnarskráin inniheldur 81. grein í 7 köflum:

Kafla eitt segir til un tegund stjórnarfars á Íslandi, að Ísland sé lýðveldi með þingbundinni stjórn.

Kafla tvö fjallar um embætti forseta Íslands og kafla þrjú fjallar um alþingiskosningar.

Í fjórða kafla er fjallað um störf alþingis og í þeim fimmta um dómvald.

Sjötti kaflinn fjallar um trúmál og loks fjallar sjöundi kaflinn um réttindi borgaranna.



Það liggur því beinast við að spyrja um eðli stjórnarskrár, hvort ný stjórnarskrá hefði getað komið í veg fyrir hrunið 2008 og þá hvernig.

Til þess að svara þeim spurningum var leitað til fræðimanna og þeirra, sem voru áberandi um umræðunni í kjölfar hrunsins og gætu varpað ljósi á kröfuna um nýja stjórnarskrá og hvort hún gæti þjónað þeim tilgangi að tryggja fjármálaöryggi Íslands.

Skoðanir viðmælenda voru skiptar um það hvort ný stjórnarskrá hefði getað komið í veg fyrir hrunið en flestir voru á þeirri skoðun að svo væri ekki. Hins vegar kom fram að annars konar stjórnarskrá en sú íslenska hefði mögulega getað dregið úr afleiðingum hrunsins.

## **Þýðingar**

Þýðingar á frásögn enskumælandi viðmælenda þáttarins.

Lawrence Lessig

Prófessor við Harvard háskóla

„Stjórnarskrá er ætlað að veita valdhöfum viðspyrnu gagnvart þeirra verstu hvötum. Í tilviki mannréttinda er hugmyndin að hindra að stjórnvöld geti vegið að þeim réttindum fólks, þegar þau gætu freistast til þess að brjóta á þeim réttindum. Stjórnarskrá er djörf aðferð til þess að tryggja heiðarleika stjórnvalda og sporna við spillingu eða hvata til spillingar, sem við vitum að venjulegu fólki eða valdhöfum er eðlislæg. Stjórnarskrá er bæði ætlað að vernda okkur gegn verstu hvötum mannsins og að viðurkenna að freistingin er til staðar, sama hversu gott fólk kann að vera.“

„Þetta er mjög erfið spurning vegna þess að það er ekki bein tenging á milli stjórnarskrár og orsaka fjármálakrísunnar. Hefði stjórnarskráin innihaldið ákvæði um virkara lýðræði, sem hefðu getað veitt hagsmunaaðilum betra aðhald, þá er svarið já, hún gæti hafa komið í veg fyrir að fjármálageirinn hefði leikið lausum hala með þessum afleiðingum.“

Maria Elvira Mendez Pinedo

Prófessor við Háskóla Íslands

„Ég held að skilgreiningin á stjórnarskránni sem valdtæki sé ekki til staðar vegna þess að á Íslandi er hvorki til orð eða kenning sem lýsir því nægilega vel. Þess vegna er þessi hornsteinn gallaður.“

„Stjórnarskrá hefði ekki beint getað komið í veg fyrir fjármálakrísuna, sem kom frá Bandaríkjunum og breiddist út eins og sinueldur. Það hefði verið útilokað að koma í veg fyrir bankakrísuna, sem var flutt út frá Bandaríkjunum í gegnum fjármálakerfið.“

James Fishkin

Prófessor við Harvard háskóla

„Stjórnarskrá Bandaríkjanna var samin á sérstöku stjórnarskrár þingi af fulltrúum fylkjanna fyrir fólkið og síðar staðfest af þingum fylkjanna. Þannig eru kjörnir fulltrúar þátttakendur í gerð stjórnarskrár, enda er gert ráð fyrir því að þeir tali í umboði fólksins en einnig getur hver og einn sagt sína skoðun, eins og dæmin sanna. Á þessu eru ýmsar útfærslur en ég er þeirrar skoðunar að stjórnarskrá sé samin af fólki, fyrir fólkið, en sé ekki þröngvað upp á fólk. Í sumum tilvikum þróast stjórnarskrá í sögulegu samhengi. Bretar hafa til dæmis aldrei skrifað stjórnarskrá en með tímanum hafa þeirra grunnlög (innsk. Magna Carta) öðlast lögmæti vegna þess að með tímanum hafa þau verið samþykkt sem hefð. Stjórnarskrár þróast með mismunandi hætti.

Maria Elvira Mendez Pinedo

Prófessor við Háskóla Íslands

„Með skýra hugmyndafræði og ákvæði í stjórnarskrá, eins og aðgengi að upplýsingum, gegnsæi, bættu kosningafyrirkomulagi og meiri fagmennsku, eins og til dæmis í tilviki fjármálakerfisins o.s.frv. þá hefðum við verið betur í stakk búin til þess að hemja þennan dreka sem er fjármálakerfið.“

Lawrence Lessig

Prófessor við Harvard háskóla

„Að mínu mati skortir ákvæði í stjórnarskránni sem tryggja heiðarleika þeirra, sem hafa fjárhagslegt vald, þar sem stangast á fjárhagslegir hagsmunir almennings og þeirra, sem hafa hagsmuna að gæta á sviði bankastarfsemi. Mikil bjartsýni ríkti í aðdraganda hrunsins, bæði á Íslandi sem og annars staðar í heiminum, sem hefði verið hægt að aga með hömlum á ákvarðanatöku þeirra, sem höfðu beinna hagsmuna að gæta, til þess að gæta hagsmuna þeirra sem tóku ekki þátt.“

Maria Elvira Mendez Pinedo

Prófessor við Háskóla Íslands

„Ábyrgð, kosningakerfið, möguleika þjóðarinnar til að kalla eftir þjóðaratkvæðagreiðslum, eins og í þeim tilvikum þar sem álitamál kljúfa þjóðina. Tökum einkavæðingu bankakerfisins sem dæmi, sem var augljóslega pólitísk ákvörðun. Hefði þjóðin haft nægar upplýsingar og aðgang

að öllum skjölum og áttað sig á samspili viðskiptageirans og stjórnámálanna, þá hefði sá möguleiki verið til staðar að kalla eftir þjóðaratkvæðagreiðslu. Við hefðum þá staðið uppi með kerfi sem væri traustar og stöðugra, í átt að Sviss, sem er hátt skrifað hjá mér í sambandi við bankastarfsemi. Eins konar höfuðborg bankastarfsemi, sem er stöðugt og hefur þróað með sér þekkingu til margra alda, sem einkennist af trausti, lágri áhættu, sterkri stjórn, sterkum stofnunum hvað regluverk og aðgengi varðar. Síðan auðvitað annars konar hlutverk Seðlabankans. Sem dæmi mætti færa rök fyrir hinu gagnstæða, enda held ég að við skilgreinum hlutverk Seðlabankans ekki nógu vel, því að mögulega viljum við ekki að stjórnámálameinn skipi valdamenn í stjórn Seðlabankans, heldur vildum við hafa fagmenn í þerri stöðu.

Um þessar mundir sit ég námskeið um peninga og bankastarfsemi hjá Ásgeiri Torfasyni. Þar ræddum við um möguleika á því að fyrirbyggja hluti á sviði fjármálamarkaða, sem eru mjög viðkvæmir. Á þeim nótum má segja að seðlabankastjóri geti ekki lagt öll spilinn á borðið í ákveðnum málum, sem má líkja við póker. Hins vegar viljum við að Alþingi, ríkisstjórn og borgarar fái nægar upplýsingar um starfsemina í fyllingu tímans.

Við hefðum getað komið á betra kerfi með bættu upplýsingaflæði, aðgengi að skjölum, þátttöku almennings, meiri fagmennsku í stjórnunarstöðum o.s.frv. Við gætum til dæmis haft Sviss sem fyrirmynd í þeim efnum, sem er ekki hafið yfir gagnrýni en á móti má segja að þeir hafa komist í gegnum mikið umrót á seinustu hundrað árum að minnsta kosti, upplausn, stríð o.s.frv. en eru þrátt fyrir það í góðum málum.

Ég er á þeirri skoðun að þess í stað sitjum við uppi með kerfi þar sem valdhafar og viðskiptalíf tengjast innan bankastarfsemi og skipta jafnvel bönkum á milli sín, þar sem samfélagið nýtur síður vaxtar á fjármálastarfsemi og fé er fært í skattaskjól erlendis, sem hefði annars verið hægt að nýta til uppbyggingar á innviðum o.s.frv."

Lawrence Lessig

Prófessor við Harvard háskóla

„Það sem við höfum lært víða um heim, er mikilvægi þess að tryggja heiðarleika í fjármálakerfinu og efnahagsstjórn, sem er mjög mikilvægur hluti af stjórnarskrá. Bandaríska stjórnarskráin tekur ekki á mótun efnahagsstjórnar til framtíðar, sem sumar nýrri stjórnarskrár gera ásamt ákvæðum, sem veita valdhöfum aðhald í þá veru. Ég held að tilhneigingin nú sé til þess að koma ákvæðum í stjórnarskrár til þess að tryggja heiðarleika í ákvörðunartöku á sviði fjármála.“

Maria Elvira Mendez Pinedo

Prófessor við Háskóla Íslands

„Sé samanburður tekinn við Evrópusambandið eða Evrópu, þá hafa mörg lönd lent í fjármálakrísu, Ísland er hvorki það fyrsta né síðasta til þess, sem og Írland, Grikkland, Kýpur, Spánn, Ítalía, Frakkland og Þýskaland. Lausafjárkrísa hefur haft áhrif á alla evrópska banka, sem er kjarninn í bankastarfsemi. Sum lönd hafa hins vegar siglt lygnari sjó en önnur, vegna þess að þau búa við sterkari stofnanir, gildi og aðskilnað valds. Þegar þú byggir þér hús sem á að verja þig gegn jarðskjálfta, getur þú ekki komið í veg fyrir jarðskjálftann en þú getur vandað undirstöður með þeim hætti að þær lágmarki tjónið þegar skjálftinn ríður yfir.“

### **6.3 Viðauki 3 – Greinargerð tímaskráning**

Dagsett og tímasett skjal fyrir vinnslu við greinargerð þessa verkefnis.

31-03-2020. 18.55 – 21.00 – Greinargerð

01-04-2020. 19.00 – 23.25 – Greinargerð

02-04-2020. 06.50 – 08.05 – Greinargerð

02-04-2020. 08.50 – 10.40 – Greinargerð

02-04-2020. 16.35 – 17.15 – Greinargerð

03-04-2020. 22.50 – 23.20 – Greinargerð

04-04-2020. 07.55 – 11.00 – Greinargerð

05-04-2020. 13.10 – 14.00 – Greinargerð

10-04-2020. 14.00 – 17.55 – Greinargerð

11-04-2020. 13.35 – 16.20 – Greinargerð

11-04-2020. 20.40 – 22.25 – Greinargerð

14-04-2020. 15.00 – 17.55 – Greinargerð

14-04-2020. 20.55 – 22.50 – Greinargerð

15-04-2020. 11.50 – 14.15 – Greinargerð

15-04-2020. 14.30 – 18.20 – Greinargerð

17-04-2020. 13.20 – 14.35 – Greinargerð

17-04-2020. 15.05 – 18.10 – Greinargerð

17-04-2020. 21.55 – 22.50 – Greinargerð

18-04-2020. 18.00 – 21.20 – Greinargerð

22-04-2020. 11.15 – 14.50 – Greinargerð

23-04-2020. 13.20 – 21.00 – Greinargerð

24-04-2020. 12.55 – 13.40 – Greinargerð  
24-04-2020. 16.35 – 21.35 – Greinargerð  
25-04-2020. 13.00 – 15.50 – Greinargerð  
25-04-2020. 16.40 – 18.00 – Greinargerð  
25-04-2020. 20.05 – 20.50 – Greinargerð  
25-04-2020. 21.30 – 23.15 – Greinargerð  
26-04-2020. 19.00 – 22.15 – Greinargerð

#### **6.4 Viðauki 4 – Tónlist tímaskráning**

Dagsett og tímasett skjal fyrir vinnslu tónlistar fyrir sjónvarpsþáttinn.

29-04-2020. 18.00 - 22.10 - Tónlist  
30-04-2020. 06.30 - 07.10 - Tónlist  
30-04-2020. 08.35 - 10.00 - Tónlist  
30-04-2020. 12.05 - 13.30 - Tónlist  
30-04-2020. 15.30 - 17.10 - Tónlist  
30-04-2020. 19.50 - 22.36 - Tónlist  
01-05-2020. 11.30 - 15.00 - Tónlist  
01-05-2020. 21.55 - 22.40 - Tónlist  
02-05-2020. 00.20 - 02.00 - Tónlist  
02-05-2020. 13.25 - 14.00 - Tónlist  
02-05-2020. 16.55 - 19.50 - Tónlist  
03-05-2020. 11.55 - 13.55 - Tónlist  
03-05-2020. 15.05 - 16.05 - Tónlist  
03-05-2020. 17.40 - 20.35 - Tónlist  
03-05-2020. 21.10 - 23.46 - Tónlist  
04-05-2020. 12.15 - 21.20 - Tónlist  
05-05-2020. 10.55 - 13.30 - Tónlist  
05-05-2020. 14.20 - 15.05 - Tónlist